

## **145. þingflokksfundur, miðvikudaginn 9. desember 2015 kl. 13.**

Fundinn sitja: Alla, Björn Leví og Helgi Hrafn. Birgitta er erlendis í opinberum erindum, Ásta veik. Alla ritar fundargerð.

### **1. Fundargerð**

Samþykkt.

### **2. Bréf af þingflokksformannafundi**

Helgi brífaði af þingflokksformannafundi og fór yfir drög að dagskrá þingfundar í dag og á morgun.

### **3. Störf þingsins**

Helgi fjallar um sýknudóm hjúkrunarfræðings og Björn Leví ætlar að ræða viðbrögð fjármálaráðherra við tillögum minnihlutans um afturvirka hækkun til öryrkja og aldraðra

### **4. Fjárlagaumræðan - vaktir í þinghúsi**

Þingmenn skipta með sér vöktum í þinghúsi meðan fjárlagaumræðan stendur yfir.

### **5. Bréf úr nefndum**

Helgi brífaði úr allsherjarnefnd um fullnustu refsinga.

### **6. Beiðni frá 60+**

Alla greindi frá samtali sínu við Helgu Hjörvar hjá Samfylkingarfélagi Reykjavíkur. Hólmfríður Bjarnadóttir mun sækja samráðsfund flokkanna meðal eldri borgara, af hálfu Pírata.

### **7. Fyrirspurn til menntamálaráðherra**

Talið var best að fela Birgittu að ákveða hvort og hvað gera skuli.

### **8. Sérstakar umræður - lífeyrissjóðir**

Frestað fram yfir áramót.

### **9. Önnur mál**

Alla gerði grein fyrir boði frá þingflokki Samfylkingar um að sitja fund þeirra með fulltrúa frá félagi atvinnurekenda um tolla á matvörur. Björn Leví mun sitja fundinn. Fleira var ekki rætt.